



## Markmið

### Nemandi

- geti útskýrt hreyfingu meginlanda frá Pangeu til núverandi stöðu.
- átti sig á lögun og stöðu meginlandanna (heimsálfanna) og áhrifum þeirra á samskipti manna.
- þekki samgöngumáta á miðöldum á landi og vatni.
- þekki einstök samgöngutæki miðalda, svo sem burðardýr og skip.
- kunni dæmi um varning sem verslað var með um langan veg á miðöldum.
- kunni deili á samgönguleiðinni sem kölluð er silkileiðin.
- geti sagt sögu Markó Póló í stuttu máli.
- geti unnið verkefni úr efni kaflans, ein(n) og/eða í samvinnu við aðra, þ.e. aflað upplýsinga (með meiri eða minni aðstoð), unnið úr þeim og komið efninu á framfæri þannig að verði áhugavert fyrir aðra.

## Kennsla

Hér eru tveir kaflar í nemendabókinni lagðir saman en auðvelt er að taka hvorn í sínu lagi í kennslu. Markó Póló er vel þekktur í mannkynssögunni svo að nafn hans er á flestra vörum. Í öðrum kaflanum er sagt frá honum en í þeim fyrri er hann settur í samhengi mjög langrar sögu jarðar-kringlunnar, heimsálfanna og samgangna. Þess vegna hefst sagan fyrir 200 milljónum ára. Hér er því landafræðin einnig komin til sögunnar.

Þessir tveir kaflar kallast á við næsta á eftir, um Ibn Battúta, og getur kennarinn því valið hvort hann tengir efni þessara þriggja kafla. Hér eftir verður fjallað um kaflana um silkileiðina og Markó Póló sem einn kafla.

Efnið í þessum kafla hentar vel til verkefnavinnu, þ.e. að nemendur kynni sér nánar sumt af því sem er lítillega fjallað um hér. Auðvitað getur kennari flutt þetta í fyrirlestra- og frásagnarformi eða blandað aðferðum. Flestum mun þó henta að sjá til þess að allir hafi lesið kaflann fyrst og skilið innihald hans.

Þessir efnispættir eru settir fram sem tillaga:

Efnispáttur	Greining	Heimildir
Myndun heimsálfanna úr landmassanum sem kallaður hefur verið Pangea.	Kanna hvernig heimsálfurnar „passa saman“ eins og púsluspil. Hvaða lönd eru tengd og hver einangruð?	Víða í alfræðiritum á pappír og neti, t.d. á Vísindavefnum. Helsta leitarorð er <i>pangea</i> (eða <i>pangaea</i> ).
Hvaða lífsskilyrði skapa lögun og staða landsvæðanna?	Heimskort skoðað út frá því hvernig land liggur í meginatriðum (eylönd, vogskorin Evrópa, lítt vogskorin Afríka, mikill landmassi Asíu). Vangaveltur um áhrifin á mannlífið.	Landakort, heimskort, hnattlíkan. Atlas barnanna. Veröldin okkar.





Efnispáttur	Greining	Heimildir
Samgöngur a. frá upphafi til þessa dags. b. á fyrri öldum. c. á miðöldum.	Landflutningar – flutningar á vatni. Samgöngutæki og þróun þeirra.	Tengja má fleiri kafla í bókinni við þetta efni þar sem víða er fjallað um samgöngur. Alfræðirit, netmiðlar, t.d. <i>Bridging World History</i> <a href="http://www.learner.org/courses/worldhistory">http://www.learner.org/courses/worldhistory</a> .
Skepnur sem burðardýr og dráttardýr.	Hestar, t.d. á Íslandi og í Mongólaríkinu. Úlfaldar, sbr. kaflann um Ibn Battúta. Asnar. Lamadýr í S-Ameríku. Nautgripir til dráttar.	Kaflar í kennslubókinni. Alfræðirit.
Verslunarvörur á miðöldum.	Evrópumenn sóttust eftir vörum frá Austur-Asíu, t.d. kryddi, silki, postulíni.	Heimildir eru víða, t.d. á Netinu. Dæmi: <i>History of Spices</i> <a href="http://www.emints.org/ethemes/resources/S00001970.shtml">http://www.emints.org/ethemes/resources/S00001970.shtml</a>
Silkileiðin.	Hvað er átt við með þessu heiti?	Dæmi um viðamikinn vef með áherslu á listmiðlun: <i>The Silk Road Project</i> <a href="http://www.silkroadproject.org">http://www.silkroadproject.org</a> Atlas barnanna. Veröldin okkar.
Markó Póló.	Æviferill, ferðir, ferðasagan.	Stöðugt er verið að gefa út rit um Markó Póló (Marco Polo), þar á meðal á íslensku. Upplýsingar á <a href="http://gegnir.is">http://gegnir.is</a> Á neti er einnig margt að hafa.

Fyrir kaflann allan má hugsa sér þessi markmið sem síðan má velja úr, bæta við og breyta:

## Spurningar og verkefni

### 1. Hvað er Pangea?

Heitið sem notað er um þurrlandi jarðar sem hafði verið samhangandi meginland þangað til það tók að gliðna sundur fyrir um 200 milljónum ára.

### 2. Hvað er Evrasía?

Evrópa og Asía – þar sem þau mynda eitt meginland.



### 3. Fjallið um ferðalög og flutninga á vatni og á landi á miðöldum.

Pungaflutningar eru að jafnaði hagkvæmastir á fljótum, skurðum og öðrum vatnaleiðum fyrir daga járnbrautanna. Milli sumra landa verður ekki komist nema siglandi. Opið haf gat verið erfitt yfirferðar eða ófært fyrir miðaldaskip en þó opnuðust nýjar leiðir og þéttist umferð á öðrum. Ferðir og flutningar á landi voru með ýmsu móti eins og fram kemur í þessum kafla og fleiri.

### 4. Hvert var það lengsta sem þessir sigldu á miðöldum?

- a. Norrænir menn. Til Grænlands og Norður-Ameríku, einnig um Miðjarðarhafið.
- b. Kínverjar. Til austurstrandar Afríku.

### 5. Hvað er silkileiðin?

Verslunarleiðir milli Evrópu og Austur-Asíu í fornöld og á miðöldum. Oftast er átt við landleiðirnar.

### 6. Er silkileiðin réttnefni?

Nafnið silkileið var fundið upp á seinni öldum. Margt fleira en silki var flutt þessa leið en silkið er notað sem tákni um verslunarvörur og nýjungar sem fóru þessa leið.

### 7. Hvað fór fleira um silkileiðina en silki?

Aðrar verslunarvörur, kunnátta, þekking og hugmyndir. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum og víðar.

